

Vinna gegn einelti í Vinnuskóla Fjallabyggðar

Í Vinnuskóla Fjallabyggðar er unnið gegn einelti og markvisst brugðist við ef upp kemur grunur um einelti.

Flokkstjórar og yfirmaður Vinnuskóla eru lykilmenn í vinnunni.

Skilgreining á einelti

Einelti er endurtekið líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi, þegar einn eða fleiri níðast á eða ráðast aftur og aftur á einstakling. Gerandinn eða gerendur sameinast um að gera fórnarlambi sínu, þolandanum, lífið nánast óbærilegt. Fólk hefur misjafnt sársaukaþol, misjafnt skopskyn og tilfinningar. Ef einelti varir og enginn styður þá sem verða fyrir því, er hætta á að viðkomandi beri þess merki ævilangt. Einnig eru mörg dæmi þess að gerendur eigi um langt skeið í vanda vegna gerða sinna, þeir þurfa því ekki síður á hjálp að halda.

Andlegt einelti – ofbeldi felst t.d. í því að:

- Skilja einhvern útundan, eða setja einhvern “út í kuldann”.
- Tala illa um einhvern, ógna eða hæða með orðum, niðrandi og særandi athugasemdir um viðkomandi.
- Skemma eða eyðileggja æ ofan í æ fyrir einhverjum, föt og annað.

Líkamlegt einelti – ofbeldi felst t.d. í því að:

- Ráðast á, hrinda, sparka, slá eða klípa einhvern.
- Halda einhverjum föstum eða loka einhvern inni gegn vilja hans.

Hlutverk flokkstjóra í vinnu gegn einelti:

- Fara yfir reglur sem gilda í vinnuskólanum og ræða um góð samskipti með hópnum sínum. Minna þarf reglulega á og vinna gegn andfélagslegri hegðun með því að:
 - Efla samstöðu og samkennd innan unglingshópsins
 - Vinna gegn félagslegri einangrun unglings
 - Auka ábyrgð unglings á eigin hegðun.
- Vera til staðar og tilbúinn að hlusta ef unglings leitar til hans með líðan sína eða áhyggjur af líðan annarra í hópnum.
- Bregðast við ef hann fær upplýsingar um grun um einelti og leita til síns yfirmanns með upplýsingarnar.

Hlutverk yfirmanns Vinnuskóla:

- Bregðast við tilkynningum um einelti samkvæmt vinnuferli þar um.
- Vera flokkstjórum til stuðnings með vinnu gegn einelti í hópunum.

Hlutverk foreldra:

- Hafa samband við yfirmann Vinnuskóla ef grunur vaknar um einelti.
- Vera vakandi yfir líðan, frammistöðu og félagslegri stöðu barna sinna.
- Ræða opinskátt við barnið um einelti og hlusta á það ef það kvartar.
- Hafa í huga að meðferð eineltismála getur tekið tíma og mikilvægt er að vinna með vinnuskólanum að farsælli lausn.

Ef tilkynning um grun um einelti berst Vinnuskólanum.

Ferill máls.

Grunnstig

- Flokkstjóri eða yfirmaður vinnuskóla tekur við tilkynningu um grun um einelti.
- Yfirmaður vinnuskóla leggur mat á hvort betra sé að flokkstjóri eða yfirmaður vinnuskóla vinni málið áfram eftir eðli og atvikum máls. Tilgangur þessa samtals er að ræða líðan þolanda, hve lengi viðkomandi telur sig hafa verið lagðan í einelti og hverjir eigi í hlut.
- Foreldrar þolanda eru látnir vita af tilkynningu og viðtalinu helst símleiðis, en með tölvupósti ef ekki næst símasamband.
- Flokkstjóri eða yfirmaður vinnuskóla ræðir við geranda eða gerendur, ef þolandi getur bent á ákveðna einstaklinga. Gerendum er gerð grein fyrir alvarleika þess að leggja í einelti og eru þeir hvattir til að láta tafarlaust af hegðun sem hefur framkallað vanlíðan hjá öðrum.
- Foreldrar látnir vita af þessum viðtölum símleiðis eða í með tölvupósti ef ekki næst símasamband.
- Ef ekki er hægt að benda á ákveðna einstaklinga er hugsanlegt að ræða við alla í viðkomandi vinnuhópi eða alla í vinnuskólanum í þeim tilgangi að kanna hvort fleirum líður illa eða finnist þeir verða fyrir einelti og hvort þeir hafa orðið varir við einelti. Þetta gerir flokkstjóri eða yfirmaður vinnuskóla. Samhliða er reynt að efla starf gegn einelti í vinnuskólanum.
- Allir flokkstjórar sem vinna með viðkomandi unglíngum þurfa að fá upplýsingar um eineltið til að geta fylgst með líðan og samskiptum unglínganna.
- Ef það er flokkstjóri sem tekur viðtöl við þolanda og geranda/gerendur í fyrstu viðbrögðum og það skilar ekki árangri vinnu yfirmaður vinnuskóla í málinu áður en það fer yfir á seinna stig. Hann tekur þá viðtöl við þolanda og geranda/gerendur ásamt því að hafa samband við foreldra. Ef það skilar ekki árangri vísar hann málinu á annað stig.

Framhaldsstig

- Ef aðgerðir á grunnstigi duga ekki tekur deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála við málinu frá yfirmanni vinnuskóla.
- Frekari samtöl við þolendur, gerendur og foreldra þeirra sem eiga í hlut. Leiðirnar sem farnar eru fara eftir eðli hvers máls fyrir sig.
- Ef ekki næst viðunandi lausn á málinu gæti þurft að kalla til barnavernd til aðstoðar. Einnig gæti þurft að víkja geranda úr Vinnuskólanum ef engin önnur leið er fær.